

Námsáætlun í dönsku 1.stig

Kennari: Rakel María Axelsdóttir

Kennslustundir: 2x40 mínútur á viku.

Megintilgangur dönskunáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota dönsku sem lifandi verkfæri við ólíkar aðstæður og í fjölbreyttum tilgangi. Með náminu eiga nemendur að öðlast hæfni til að geta nýtt talað og ritað mál af ólíkum toga og leikni í að beita málinu í frásögnum og samskiptum. Auk þess að auka skilning nemenda á skyldleika norrænu tungumálanna og menningu Norðurlandþjóðanna (úr Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls. 124). Hæfni og kunnátta í norrænum tungumálum gerir Íslendingum kleift að vera áfram virkir þátttakendur í umfangsmiklu norrænu samstarfi, námi, starfi og leik.

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með það að leiðarljósi að leiðbeina nemendum í náminu og aðstoða þá hvernig þeir geti náð þeim hæfniviðmiðum sem lögð eru til grundvallar.

Hvers vegna danska samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

Norðurlandamál eru kennd vegna samskipta og menningartengsla við norrænar þjóðir. Saga okkar er samofin sögu þeirra og menningu. Menningararfurinn er sameiginlegur og tungumálin eru af sömu rót sprottin. Samfélagsgerð þjóðanna byggir á sömu gildum og grundvallast á lýðræði, samvinnu og jafnrétti. Ímynd Norðurlandanna er sterk á alþjóðavettvangi og með það í huga er norræn samvinna mikilvæg til að styrkja samnorræna ímynd og samkennd.

Stór hópur Íslendinga sækir einnig árlega nám og störf á Norðurlöndunum. Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að í námskrá skuli sett ákvæði um inntak og skipulag náms í dönsku eða öðru Norðurlandamáli, sem lýsir vilja yfirvalda til að íbúarnir eigi þess kost að vera virkir þátttakendur á norrænum vettvangi.

Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Hæfni og kunnátta í norrænum tungumálum gerir Íslendingum kleift að vera áfram virkir þátttakendur í umfangsmiklu norrænu samstarfi, námi, starfi og leik.

Jafnframt er takmark námsins að nemendurnir öðlist skilning á skyldleika norrænu tungumálanna og menningunni að baki þeim, þeir læri að greina hvað einkennir hvert tungumál og geti skilið og tjáð skoðun sína í norrænu samhengi. Það skiptir miklu að Íslendingar líti á Norðurlandamálin sem afbrigði af sama máli, enda tungumálin skyld. Mikilvægt er að nám og kennsla taki sem mest mið af því sem tungumálunum og menningunni er sameiginlegt og kynning á

